

1224. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. desember 2021, kl. 17:30 í Hannesarholti, veitingastað.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Friða Thoroddsen, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Harpa Sævarsdóttir og Helga Ingólfssdóttir

Gestur fundarins: Bryndís Guðnadóttir sviðsstjóri Kjaramálasviðs VR

Áður en að fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ragnar Þór eftir samþykki fyrir þeirri dagskrárbreytingu að inn komi 4 nýjir liðir sem eru eftirfarandi:

4. Níu mánaða uppgjör VR
8. Ósk um hækkun á framlagi VR til RSV
11. Kaup á orlofshúsum í Hvalfirði
12. Fjárfestingastefna VR

Samþykkt og breytist númeraröð annarra dagskrárliða samkvæmt því.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1223. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1223. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

Einnig var undirrituð áður samþykkt fundargerð 1222. stjórnarfundar VR.

2. Veikindaréttur í kjarasamningi VR

Bryndís Guðnadóttir sviðsstjóri Kjaramálasviðs VR, sem var gestur fundarins, tók til máls og sagði frá veikindarétti í kjarasamningum VR.

Í máli Bryndísar kom m.a. fram að umfjöllun um veikindarétt sem samið hefur verið um við atvinnurekendur sé í 8. kafla beggja kjarasamninga okkar við SA og FA. Þar er útgangspunkturinn sá sami sem er að á fyrsta ári starfsmanna greiðast tveir dagar í veikindaforföllum fyrir hvern unninn mánuð. Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda eru það 2 mánuðir á hverjum 12 mánuðum, 4 mánuðir eftir fimm ára starf og 6 mánuðir eftir tíu ára starf.

Rakti hún nú ýmsa þætti veikindaréttar og helstu atriði sem munar á milli samninga við SA og FA. Greinar um læknisvottorð, tilkynningaskyldu, skilyrði réttar úr Sjúkrasjóði VR og það hvernig veikindaréttur ávinnst á ný voru meðal atriða sem Bryndís fór yfir og voru umræður um hvern lið.



Fríða mætir til fundar kl. 17:50

Þá kynnti Bryndís hvernig farið er yfir þessi réttindamál í grunn- og framhaldsskólafræðslu VR og sýndi tvö skemmtileg myndbönd með Jóni Gnarr sem notuð eru við þá fræðslu. Einnig er farið vel yfir veikindaréttarmál í VR Skóla lífsins sem er netnám sem tekið hefur verið upp í flestum framhaldsskólum landins.

Að lokinni fróðlegri kynningu og umræðum var Bryndísi þakkað og vék hún af fundi kl. 18:25

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði nýlega fundað í samninganefnd hjá ASÍ og var þar rætt um hlutverk ASÍ í aðdraganda kjaraviðræðna næsta árs. Mikið er af efnisþáttum sem snúa að stjórnvöldum og brátt munu koma fram tillögur um það sem farið verður í sameiginlega á vettvangi ASÍ.

Enn er unnið að breytingum á samþykktum á leigufélaginu Blæ og hefur það snúist um skattalegt form og að breyta félaginu í samlagshlutafélag. Verður þetta kynnt fljótlega t.d. í Húsnæðisnefnd VR.

Ragnar Þór hefur verið töluvert í viðtölum í fjölmiðlum og m.a. með Fríðu Thoroddsen í morgun vegna herferðarinnar um þriðju vaktina og svo vegna framkomu viðskiptavina verslana við starfsfólk og erum við nú að setja að stað smá herferð á samfélagsmiðlum sem snýr að kurteisi við verslunarfólk.

Í dag var hann á fundi, ásamt forsetum ASÍ, með formönnum stjórnarflokkanna en þar var rætt um nauðsyn þess að stjórnvöld efni þau loforð sem enn standa út af borðinu frá síðustu kjarasamningum. Þetta verður að gerast svo að traust skapist á milli aðila fyrir komandi kjaraviðræður. Að auki eru húsnæðismál og verðhækkanir undanfarið mjög brýn mál sem stjórnvöld verða að fara í aðgerðir vegna en annars munum við sækja fast á SA. Katrín forsætisráðherra hrósaði VR sérstaklega á þessum fundi fyrir vel heppnaða herferð um þriðju vaktina og vildi að hann skilaði því til stjórnar og starfsmanna sem unnið hafa að herferðinni.

Ragnar Þór sagði nokkuð um fundarhöld nú um stundir í tengslum við erlent samstarf á vettvangi LÍV og er það allt í fjarfundum.

Umræður.

Stefán tók til máls og lagði fram skjalið „*Skipulag á vinnu við kröfugerð fyrir kjarasamninga 2022*“ og fór yfir efni þess á slæðum. Um er að ræða tímalínu skipulagðra áfanga við kröfugerðina frá janúar til júní 2022 s.s. áætlaður hugarflugsfundur með trúnaðarráði og trúnaðarmönnum 19. janúar 2022 til undirbúnings könnun um áherslur félagsfólks, fundir kjaramálanefndar og svo t.d. vinnufundur trúnaðarráðs og trúnaðarmanna þann 7. apríl þar sem farið verður yfir niðurstöðu könnunar og helstu

áherslur mótaðar. Verður það fundur með svipuðu sniði og var haldinn í Vatnsholti fyrir síðustu kjarasamninga.

4. Níu mánaða uppgjör VR

Stefán lagði fram skjölin „Efnahagsreikningur sjóða 30. september 2021“, „Lykiltölur janúar til september 2021“, „Rekstraryfirlit sjóða janúar til september 2021“ og „Rekstraryfirlit janúar til september 2021“ og fór yfir efni þeirra á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að fækkun félagsfólks sé nú smátt og smátt að ganga tilbaka en félagar voru í september 36.601. Afgreiðslum fækkar um 57,9%, símtölum fækkar um 18,7% en á móti aukast fyrirspurnir á netfangið vr@vr.is um 11,4%.

Fjöldi mála á kjaramálasviði fækkar um 26,9% og meðalfjöldi atvinnuleitenda án hlutabóta fjölgar um 27,4% og eru þeir 2.546 í september.

Tekjur eru 3.3 milljarðar króna á meðan gjöld eru 3.1 milljarður króna.

Rekstrartekjur umfram gjöld eru 223.2 milljónir króna.

Fjármagnsliðir eru alls 681.1 milljón króna og hreinar tekjur til ráðstöfunar eru 904.4 milljónir króna. Eignir VR eru 16.4 milljarðar króna sem er hækkun um 7,6%.

5. Fjárhags- og starfsáætlun VR fyrir árið 2022

Ragnar Þór lagði fram skjölin „Rekstraráætlun VR 2022 skipt á sjóði“, „Samstæða VR 2022“ og „Starfs- og fjárhagsáætlun VR 2022“ en þetta var kynnt mjög ítarlega og farið yfir á síðasta fundi. Þar sem engar athugasemdir hafa komið fram þá sé þetta nú lagt fram til samþykkis.

Enginn kvað sér hljóðs og bar Ragnar Þór því upp fjárhags- og starfsáætlun VR fyrir árið 2022, eins og hún hefur verið kynnt, upp til samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

6. Skipun á kjörstjórn VR

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Minnisblað um skipun í kjörstjórn VR 2022“ dags. 3. desember 2021 en samkvæmt 19. gr. laga VR skal kjörstjórn skipuð einu sinni á ári en hún sér um framkvæmd kosninga í félaginu samkvæmt reglugerð ASÍ og rennur skipunartími út þann 31. desember 2021. Lagt er til að stjórn VR skipi eftirtalda í kjörstjórn VR fyrir árið 2022:

Aðalmenn skipaðir af VR:

Þóra Skúladóttir Öfjörð, Vörubílastöðin Þróttur
Þorsteinn Þórólfsson, Húsasmiðjan

Varamenn:

Stefán Viðar Egilsson, Tengir ehf.
Silja Hlín Guðbjörnsdóttir, Nordic Visitor hf.

Þá er lagt til að leitað verði til ASÍ með að skipa einn aðalman og einn til vara í kjörstjórnina en undanfarin ár hafa það verið lögmennt ASÍ, þeir Magnús Norðdahl og Halldór Oddsson og verður það væntanlega óbreytt.

- 7. Launaneftnd VR – skýrsla um starf nefndar, laun formanns og framkvæmdastjóra**
Sigríður Lovísa Jónsdóttir formaður Launaneftndar VR lagði fram skjalið „Minnisblað um störf launaneftndar 2021 og tillögur frá launaneftnd“ dags. 3. desember 2021 og fór yfir efni þess. Í máli Sigríðar Lovísu kom m.a. fram að nefntin hafi fundað tvisvar á árinu og að á fundunum hafi verið fjallað um tillögu að stjórnarlaunum, launum vegna vinnutaps og launakjör formanns og framkvæmdastjóra VR.

Eftirfarandi er tillaga nefntdarinnar um stjórnarlaun í VR sem lögð verður fyrir næsta aðalfund félagsins:

„Aðalfundur VR, haldinn á Hilton Reykjavík Nordica hóteli miðvikudaginn 30. mars 2022, samþykkir að stjórnarlaun hækki úr 52.427 kr. á mánuði í 53.484 kr. á mánuði. Varamenn fái sömu stjórnarlaun og aðalmennt í stjórn VR, fyrir hvern setinn stjórnarfund en þó aldrei meira sem nemur einum stjórnarlaunum. Tillaga að formaður framkvæmdastjórnar Sjúkrasjóðs VR, formaður Orlofsstjórnar VR og varaformaður stjórnar VR fái 1,5 stjórnarlaun á mánuði eins og verið hefur. Auk þess fá stjórnarmennt og varastjórnarmennt 5.000 kr. fyrir hvern setinn nefntdarfund í nefntdum á vegum VR. VR greiðir ferðakostnað vegna starfa stjórnarmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins.“

Þarna er stuðst við óbreytta aðferðafræði síðustu ára sem er sú að stjórnarlaun breytist í samræmi við launavísitölu VR.

Þá gerir nefntin tillögu til stjórnar vegna launataps sem er svo hljóðandi:

„Launtap greiðist af VR vegna setu fulltrúa VR á ASÍ og LÍV þingum sem og vegna vinnufunda stjórnar VR. Auk þess greiðist launtap stjórnarmanna VR vegna setu í nefntdum, stjórnun og ráðum á vegum VR þar sem ekki kemur til sérstök greiðsla fyrir slíkt. Ferlið við greiðslu launtaps verði eins og það hefur verið þannig að stjórnarmaður þarf að sýna fram á launtap. Greiðsla komi frá VR í næstu útborgun launa.“

Varðandi launakjör formanns VR þá eru þau nú þessi:

Laun: 1.199.361 kr. á mánuði, en þau voru byrjun árs 1.183.611 kr. og er um að ræða aðeins kjarasamningsbundna hækkun.

Bifreiðastyrkur: 29.600 kr. á mánuði hækkaði ekki en launaneftnd samþykktir að leggja til við stjórn að bifreiðastyrkur verði hækkaður í úr 29.600 kr. í 40.000 kr. á mánuði þar sem akstur formanns fyrir félagið væri mjög mikill.

Auk þess fær formaður greiðslu vegna formennsku í LÍV 308.183 kr. á mánuði og einnig fær hann greidd laun sem varaforseti ASÍ kr. 153.217

Formaður fær ekki aðrar greiðslur fyrir stjórnar- og nefntdarstörf á vegum VR, LÍV eða ASÍ.

Varðandi laun framkvæmdastjóra VR þá eru þau nú þessi:

Laun: 1.479.605 kr. á mánuði en þau voru í byrjun árs 1.463.855 kr. og er um að ræða aðeins kjarasamningsbundna hækkun.

Bifreiðastyrkur: 84.888 kr. á mánuði.

Auk þess fær framkvæmdastjóri VR greiðslu fyrir varaformennsku í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem og formennsku í endurskoðunarnefnd sjóðsins 412.199 kr. á mánuði sem eru stjórnarlaun.

Framkvæmdastjóri fær ekki aðrar greiðslur fyrir stjórnar- og nefndarstörf á vegum VR, LÍV eða Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Þá sagði Sigríður Lovísa að ákveðið sé að skoða laun þeirra beggja og þróun í samanburði við markaðslaun.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór fyrst upp til samþykkis ofangreinda tillögu um launatap.

Samþykkt samhljóða.

Síðan bar hann upp ofangreinda tillögu um hækkun bifreiðastyrks formanns.

Samþykkt samhljóða.

8. Ósk um hækkun framlags VR til RSV

Stefán lagði fram skjalið „RSV minnisblað til stjórnar“ dags. 8. desember 2021 vegna óskar um hækkun framlags VR til Rannsóknarseturs verslunarinnar (RSV). Kemur það til vegna þess að RSV hefur misst töluvert af sértekjum en þar munar mest um smásöluvísitölu þar sem þeim er nú óheimilt að safna saman slíkum upplýsingum skv. samkeppnislögum. RSV þarft tíma til að skapa sér fastari tekjugrundvöll með meiri sértekjum en meðan á því stendur er óskað eftir að hærri framlög komi frá bakhjörllum næstu tvö árin þannig að reksturinn geti staðið undir sér, þannig:

| | |
|--|------------|
| Viðskipta-, ferða og menningarmálaráðuneytið | 8 m.kr. |
| SVÞ | 4,35 m.kr. |
| VR | 4,35 m.kr. |
| Bílgreinasambandið | 1,3 m.kr. |

Miðað við þessa tillögu væri framlag VR og SVÞ að hækka um 1,1 m.kr. og framlag ríkisins að hækka um 2 m.kr.

Lagt er til að stjórn VR samþykki að framlag VR verði 4,35 m.kr á ári fyrir árin 2022 og 2023. Skilyrði væri að aðrir myndu hækka sitt framlag eins og lagt er til hér að ofan.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreinda tillögu um hækkun framlags VR til RSV í 4,35 m.kr. á ári fyrir árin 2022 og 2023.

Samþykkt samhljóða.

9. Rannsókn á stjórnarháttum lífeyrissjóða

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Rannsókn á stjórnarháttum lífeyrissjóða*“ en um er að ræða tillögu um tveggja ára rannsóknarverkefni við Copenhagen Business School (CBS) þar sem rannsóknarstjóri yrði Guðrún Johnsen lektor við skólann og fyrrverandi starfsmaður VR.

Lagt er til að hefja rannsóknarvinnuna á starfsemi lífeyrissjóða á Norðurlöndunum, einkum á starfsháttum þeirra sjálfra og hvernig þeir beita áhrifum sínum sem stærstu fjárfestar á mörkuðum. Helstu vörður og áfangar væru t.d. ráðstefna um áhrif lífeyrissjóða á starfshætti fyrirtækja, rannsókn á heimildum og þátttöku lífeyrissjóða í hóp málssóknum og skaðabótamálum, rannsókn á langtímaáhrifum lífeyrissjóða vegna loftslagsvárs, málstofur um niðurstöður bæði í Kaupmannahöfn, Reykjavík og víðar. Á árinu 2023 yrði svo kláruð rannsókn á stjórnarháttum lífeyrissjóða, tilnefningar í stjórnir þeirra, starfsheimildir, nefndarstörf og skipting ábyrgðar milli stjórnar og framkvæmdastjóra en niðurstöður yrðu svo kynntar á málstofum í Kaupmannahöfn, Reykjavík og víðar.

Sótt er um styrk uppá 8.600.000 ISK. til að ráða tvo aðstoðarmenn í rannsóknnum í tvö misseri (vor 2022 og haust 2022) – 2 x 2 x 20 vikur x 20 stundir á viku x 5.360 ISK á klukkustund ásamt kostnaði vegna yfirbyggingar CBS, skrifstofukostnað, bókhaldskostnað, ráðstefnuaðstöðu og ferðakostnað vegna fyrirlestrahalds.

Ragnar Þór sagði þetta spennandi verkefni og að við myndum fá mikla vinnu út úr þessu og því fylgdi ákveðinn gæðastimpill að þetta væri unnið af viðskiptaháskólanum. Hann og Stefán myndu svo fylgjast vel með vinnunni og gæta að því að okkar spurningum og áherslum um málið sé svarað.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu að VR myndi kosta þetta rannsóknarverkefni CBS undir stjórn Guðrúnar Johnsen uppá 8.6 m.kr.

Samþykkt samhljóða.

10. Breyting á eignarhaldi í Svignaskarði

Stefán lagði fram skjalið „*Svignaskarð – breyting á eignarhaldi – minnisblað*“ dags. 6. desember 2021 og fór yfir efni þess.

Kom fram í máli Stefáns að VR á þrjú orlofshús í Svignaskarði í Borgarfirði. Um er að ræða hús númer 22, 38 og 42. Eignarhaldið á orlofshúsum hefur verið þannig að Orlofsbúðir Svignaskarðs hafa verið eigandi allrar orlofsbyggðarinnar. VR hefur síðan verið eignaraðili að Orlofsbúðum Svignaskarðs og átt ákveðin hús á svæðinu í gegnum

það félag. Nú stendur til að færa eignarhaldið beint til allra félaga sem eiga hús á svæðinu. Þannig mun VR verða skráður beinn eignaraðili að sínum húsum í stað þess að eiga þau í gegnum Orlofsbúðir Svignaskarðs. Til að hægt sé að framkvæma þetta framsal verður að framselja lóðarleigusamninga sem eru fyrir hvert hús. Ef stjórn VR samþykkir að færa orlofshúsin beint undir VR þá þarf stjórn VR að gefa framkvæmdastjóra umboð svo hægt sé að þinglýsa framsalinu.

Ragnar Þór bar þá næst upp tillögu þess efnis að stjórn samþykki að veita framkvæmdastjóra umboð til að þinglýsa framsali svo VR verðir skráður beinn eignaraðili að sínum húsum í Svignaskarði.

Samþykkt samhljóða og var umboðið þá næst látið ganga og undirritað af fundarmönnum.

11. Kaup á orlofshúsum í Hvalfirði

Stefán lagði fram skjalið „*Kaup á orlofshúsum í Hvalfirði – minnisblað til stjórnar*“ dags. 6. desember 2021 og fór yfir efni þess.

Kom fram í máli Stefáns að á stjórnarfundum VR þann 14. apríl 2021 var rætt um kaup á tveimur 80fm. orlofshúsum í Hvalfirði við Hótel Glym sem kosti 30 m.kr. hvert hús en að byggingakostnaður á svona húsum væri ekki undir 40 m.kr. Stjórnin samþykkti að skoða þetta áfram. Leysa þurfti úr ákveðnum lóðamálum á staðnum í sumar en á þessum tíma fengum við að nota húsin þar sem við lentum í vandamáli vegna lokunar á húsum í Svignaskarði og höfum haft þau til afnota síðan.

Lagt er til að VR kaupi þessi tvö hús þar sem verðið á þeim er hagstætt og við höfum haft góða reynslu af þessum húsum.

Ragnar Þór bar þá upp til samþykktar kaup á þessum tveimur húsum í Hvalfirði á 30.m.kr. hvert hús.

Samþykkt samhljóða.

Stefán tók aftur til máls og sagði að nú sé einnig í boði, á sama stað, 150fm. hús með 8 herbergjum en reynsla okkar er sú að stærstu hús VR leigjast mjög vel og þetta sé því spennandi kostur. Sýndi hann á slæðu teikningu af herbergjaskipan hússins. Þetta stóra hús býðst okkur á 50 m.kr.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykktar að veitt verði umboð til að kaupa þetta stóra orlofshús í Hvalfirði á 50 m.kr..

Samþykkt samhljóða og var umboðið látið ganga og undirritað.



Ragnar Þór óskaði hér eftir heimild til að framlengja fundi til kl. 21:00.
Samþykkt.

12. Fjárfestingastefna VR

Stefán lagði fram skjalið „Fjárfestingastefna des. 2021“ til kynningar en fjárfestingarstefnan var áður samþykkt og er nú að komast í framkvæmd. Nokkrar breytingar voru gerðar á erlendum eignaflokkum eins og Ragnari Þór og Stefáni hafði verið gefið umboð til og er það komið inn í stefnuna. Stefnan er nú eftirfarandi:

| Fjárfestinga- kostur | Lág- mark % | Há- mark % | OMI | Stefna % | Nánari lýsing eða takmarkanir |
|--|-------------------|------------------|--|-------------|---|
| Bankainnlán | 0 | 30 | OMI3MNI -3 mánaða ríkisvixlar | 0 | Innlán, peningamarkaðsinnlán og vixlar hjá eftirlitsskyldum lánastofnunum |
| Ríkisskuldabréf | 53 | 100 | NOMXINOM 40% og NOMXIREAL 60% | 77 | Skuldabréf eða vixlar í íslenskum krónum með ábyrgð ríkissjóðs Íslands |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga | 0 | 7 | KVIKAp: Opinberir aðilar | 1 | Skuldabréf eða vixlar í íslenskum krónum með ábyrgð bæjar- eða sveitarfélaga og skráð eru í kauphöll. |
| Skuldabréf lánastofnana | 0 | 4 | KVIKAc: Vísitala fyrirtækjaskuldabréf a. | 0 | Skuldabréf í íslenskum krónum með ábyrgð banka, sparisjóða eða annarra lánastofnana sem lúta opinberu eftirliti og skráð eru í kauphöll |
| Sértryggt skuldabréf | 0 | 12 | KVIKAc: Sértryggt skuldabréf | 5 | Sértryggt skuldabréf sbr. lög nr. 11/2008 sem skráð eru í kauphöll. |
| Skuldabréf fyrirtækja | 0 | 5 | KVIKAc: Vísitala fyrirtækjaskuldabréf a. | 0 | Skuldabréf með ábyrgð fyrirtækja í íslenskum krónum skráð í kauphöll. |
| Aðrar fjárfestingar | 0 | 2 | | 0 | Skráð verðbréf sem falla utan annarra flokka skv. sömu skilgreiningu og á við b-lið 6. tl. 36. gr. a laga nr. 129/1997 |
| Innlend hlutabréf | 0 | 7 | Úrvalsvísitala aðallista með arðgreiðslum (nú OMXI10GI) | 2 | Hlutabréf fyrirtækja sem skráð eru á aðalmarkaði Nasdaq Iceland Kauphöllinni. |
| Erlend ríkisskuldabréf | 0 | 14 | Bloomberg Baclays Global Agg Treasuries Total Return Index Value Unhedged (LGTRTRUU) | 5 | Skuldabréf eða vixlar í erlendum myntum með ríkisábyrgð ríkja innan OECD |
| Bankainnlán og peningamarkaðs- sjóðir | 0 | 10 | IBTS LN iShares \$Treasury Bond 1-3yr | 1 | Innlán í bönkum innan ríkja í OECD sem og peningamarkaðssjóðir þar sem að minnsta kosti 50% af undirliggjandi eignum eru á banka og innlánsstofnanir sem lúta opinberu eftirlit sem jafna má til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands |
| Erlend fyrirtækjaskulda- bréf BBB- | 0 | 9 | Bloomberg MSCI Euro Corp ESG BBB+ Sustainability SRI 0-3 Year Index | 3 | Erlend fyrirtækjaskuldabréf. Þar sem meginstarfsemi útgefanda fer fram innan ríkja í OECD. Lánshæfi allra útgefanda er ekki lægra en BBB- |
| Gull | 0 | 7 | Heimsmarkaðsverð á gulli | 1 | Bein fjárfesting í gulli eða sjóðum sem fjárfesta í gulli og verð sjóðanna tekur mið af verði gulls |
| Erlend hlutabréf | 0 | 10 | MSCI World Index Total Return (NDDUWI Index) | 5 | Hlutabréf í erlendum fyrirtækjum. |

Fundi er slitið kl. 20:55
Árni Leósson, fundarritari

